

Minnisblað

Dagsetning: 17. desember 2021
Viðtakandi: Náttúrufræðistofnun Íslands
Sendandi: Náttúrustofa Suðvesturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021 – Búrfellsgjá

Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá í Garðabæ var friðlýst sem náttúruvætti þann 25. júní 2020. Svæðið er gott dæmi um jarðmyndanir sem eru sérstakar á landsvísu og hafa hátt vísinda- og fræðslugildi. Búrfell og hrauntraðir frá gígnum, gjár og misgengi eru áberandi á svæðinu. Hluti svæðisins hefur verið friðlýstur sem hluti af Reykjanesfólkvangi síðan árið 1975. Svæðið er vinsælt til útivistar árið um kring og er nýtt af göngu- og hjólafólki.

Framkvæmd 2021

Búrfellsgjá var heimsótt alls tvisvar sinnum yfir sumarið; þann 18. maí og 25. ágúst 2021. Aðalgöngustígur svæðisins var genginn í hvort skipti og mat lagt á innviði ásamt ástandi gróðurs og jarðminja. Notast var við spjaldtölvu og dróna til að taka ljósmyndir af skemmdum á gróðri, jarðminjum og innviðum ásamt ágengum tegundum. Tveggja metra löng mælistika var höfð á myndunum til viðmiðunar. Umfang gróðurskemmda, skemmda á jarðminjum og útbreiðslu ágengra tegunda var mælt með málbandi og ljósmyndir teknar til að meta breytingu milli ára. Allar upplýsingar voru skrásettar á þar til gerð eyðublað.

Ástandsmat og frumniðurstöður

Búið er að færa myndir úr vöktun í gagnagrunninn FotoWare. Búið er að færa upplýsingar af eyðublaðum inn í gagnagrunn NÍ. Helstu niðurstöður úr vöktun þessa árs eru eftirfarandi:

Snemma á gönguleiðinni er að finna tvo álagsbletti á hrauni og mosa (sjá 1. mynd). Umfang skemmda hefur aukist síðasta árið og mældist mest 5x3 m (64,04470; -21,84883) og 7,5x3,5 m (64,04468; 21,84871).



1. mynd. Álagssvæði við upphaf gönguleiðar. Vinstri: 64,04470; -21,84883. Hægri: 64,04468; 21,84871.

Lúpínubreiðu er að finna við Vatnsgjá og gömlu réttina en hún hefur farið vaxandi síðasta ár og mældist breiðan um 290 m² í ágúst (mat út frá loftmynd).

Hraunveggur (64,03635; 21,84559) sem farið er að falla úr virðist tapa lögum hratt en mældist skemmdin 5,6 m á breidd og 2,1 m á hæð í ágúst 2021 (sjá 2. mynd). Til samanburðar var skemmdin metin 4,8 m á breidd en 2 m á hæð árið 2020.



2. mynd. Hraunveggur sem farinn er að tapa lögum (64,03635; 21,84559).

Víða á svæðinu mátti sjá grjóthrun vegna jarðskjálfta í vetur en í nálægð við hraunhellinn hefur stórt grjót hrunið úr hlíðinni, hrunið hefur úr hlíðinni sjálfri og á göngustíginn, dropasteinar hafa brotnað (og mögulega verið fjarlægðir) og stórt grjót hefur lokað hentistíg uppi á gígbarminum.

Í ágúst hafði verið búið að koma upp dreni í göngustíginn upp að Búrfelli og víða höfðu svæði verið girt af til að koma í veg fyrir ágang á gróður og jarðminjar og stýra umferð um þau.

Tillögur að áframhaldandi vöktun

Sá árangur sem náðst hefur með uppbyggingu á svæðinu á síðustu árum hefur orðið til þess að mjög hefur dregið úr vöktunarpörf. Litill munur var á svæðinu á milli þeirra tveggja heimsóknna sem farnar voru sumarið 2021 og leggjum við því til að dregið verði úr vöktun og svæðið verði vaktað annað hvert ár. Með vöktun annað hvert ár má gera ráð fyrir að árangur umferðastýringar verði greinilegri milli vettvangsferða og það muni skýrast hvort þeir nýju innviðir sem eru á svæðinu virki sem skildi.